

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Meiri-Tunga 2, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 10. janúar 2024 tillögu að deiliskipulagi fyrir Meiri-Tungu 2. Deiliskipulagið tekur til rúmlega 1,1 ha svæðis fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í formi gistingar í allt að fimm gistiskálum. Aðkoman að svæðinu er frá Ásvegi (275) og um sama aðkomuveg og að íbúðarhúsinu að Meiri-Tungu 7.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi og eldra deiliskipulag fellur samhliða úr gildi.

*Hellu, 26. mars 2024.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 12. apríl 2024